

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjarta er allt sem þarf

Skýrsla formanns fræðslunefndar til umdæmisstjórnarfundar 12. janúar 2013,

Ágætu Kiwanisfélagar, gleðilegt ár

Fræðslunefnd skipa : Hildisif Björgvinsdóttir formaður , Sólborg
Bragi Eyjólfsson, Keilir
Elín Joensen, Rosan
Kristinn Örn Jónsson, Kaldbak
Svavar Svavarsson, Hraunborg

Það verður að segjast að ég tók við góðu búi, þar sem síðasta fræðslunefnd var búin að fara vel yfir allt það fræðsluefni sem til var og setja það á tölvutækt form. Það gerði okkar vinnu auðveldari.

Ákveðið var að hafa fræðslu fyrir forseta bæði fyrir sunnan og norðan eins og gert var árið áður, mikil ánægja var hjá forsetum að við kæmum norður.

Fræðsla svæðisstjóra var haldin 10. mars í Hafnarfirði, þangað mættu allir svæðisstjórar nema svæðisstjóri Færeyjasvæðis sem ekki átti heimangengt.

Forsetafræðsla var haldin í Hafnarfirði 14. apríl og á Akureyri 21. Apríl. Á umdæmisþinginu í Reykjanesbæ var fræðslunni skipt í þrennt, gjaldkera - og ritarafraedsla og svo upprifjun fyrir forseta, þá voru svæðisstjórar boðaðir með forsetum og funduðu þeir svo með forsetum í sínu svæði til að ákveða stjórnarskipti ofl.

Þátttakan var mjög góð og var mætin forseta 72% .

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjarta er allt sem þarf

Elín sá um fræðslu fyrir svæðisstjóra Færeyjasvæðis og embættismenn þar, sú fræðsla fór fram í Færeyjum.

Allt fræðsluefni hefur verið sett inn á kiwanis.is

Ekkert hefur verið leitað til fræðslunefndar um fræðslu í klúbba. Það getur þó átt eftir að koma beiðni um það.

Að lokum vil ég þakka nefndarfólki mínu fyrir vel unnin störf og öllum þeim sem komu að fræðslunni fyrir gott samstarf.

Hildisif Björgvinsdóttir
formaður fræðslunefndar 2012-2013